

Rangárþing bs  
Rúnar Guðmundsson  
Ormsvelli 1  
860 Hvolsvöllur

Umhverfisstofnun
Áb. _____
<b>14 DES. 2009</b> 54. 22
Tilv. _____



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 10. desember 2009

Tilvísun: UST20090600077/ksj

## Rangársþings ytra Aðalskipulag 2008 - 2020. Tillaga

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Rangársþings er barst 16. júní sl. þar sem óskað er umsagnar um tillögu að aðalskipulagi Rangársþings ytra 2008 - 2020. Umhverfisstofnun gerir eftirfarandi athugasemdir við aðalskipulagstillöguna.

### Umhverfisskýrsla

#### Staðhættir og aðstæður

Í kaflanum forsendur, í umfjöllun um staðhætti og aðstæður eru verndarsvæði innan sveitarfélagsins talin upp. Að mati Umhverfisstofnunar er ástæða til að geta þess að **Oddaflóð** var lýst friðland með auglýsingu í Stjórnartíðindum B nr. 634/1994. Stærð friðlandsins er 540 ha. **Lambhagavatn** og votlendi á **Langanesi** eru votlendi með einstöku gróðurfari á náttúruminjaskrá. Einnig er **Safamýri** á náttúruminjaskrá, en þar eru gróðurmikil vötn og mýrlendi. Báðir þessir staðir eru mikilvæg fuglasvæði. **Friðland að Fjallabaki** var lýst friðland með auglýsingu í Stjórnartíðindum nr. 354/1979. Stærð 47000 ha.

#### Atvinna

Í umfjöllun um væntanlegar virkjanir í Þjórsá, eru stefnumið um virkjanirnar metnar í töflu og er komist að þeirri niðurstöðu að þær framkvæmdir hafi jákvæð áhrif á hagræna og félagslega þætti. Umhverfisstofnun bendir á að eðli málsins samkvæmt þá eru þessir þættir grundvöllur fyrir tilgangi og markmiði virkjunarinnar. Að mati umhverfisstofnunar er ekki hægt að veita fyrrgreinda þætti á móti umhverfisáhrifum framkvæmda eins og gert er fyrrgreindri töflu. Líta ætti aðskilið á þessa þætti.

Umhverfisstofnun tekur undir þá stefnu að dregið verði úr álagi í Landmannalaugum og telur mikilvægt að rannsakað verði hve mikinn fjölda ferðamanna svæðið þoli hverju sinni. Stofnunin telur mikilvægt að kannaðar verði leiðir í samráði við stofnunina, til að dreifa álagi yfir sumartímann eins og fram kemur í skýrslunni, en telur ekki tímabært að fjalla um frekari uppbyggingu á svæðinu fyrr en greining á náttúrufarslegum og félagslegum þolmörkum liggur fyrir.

## Niðurstaða mats

Í niðurstöðu mats um virkjanir í neðri Þjórsá segir: „*Framkvæmdin muni hafa jákvæð áhrif á atvinnuþróun og efnahag á svæðinu og mótvægisáðgerðir taki á fullnægjandi hátt á þeim annmörkum sem óhjálvæmilega fylgi svo stórum framkvæmdum.*“ Í þessum orðum kemur fram að jákvæð áhrif virkjananna eru eingöngu á efnahag og atvinnuþróun. Hvað varðar fullyrðingu um að mótvægisáðgerðir taki á annmörkum sem fylgi svo stórum framkvæmdum telur Umhverfisstofnun að með annmörkum sé hér átt við neikvæð umhverfisáhrif. Í niðurstöðu Skipulagsstofnunar kemur fram að fallist er á Urriðafossvirkjun og breytingu á Búrfellslínu með skilyrðum sem sett eru fram í 5-liðum. Að mati Umhverfisstofnunar er ekki hægt að fullyrða um að mótvægisáðgerðir taki á fullnægjandi hátt á „*annmörkum*“ fyrr en við verklok.

## Umhverfi

Áætlað er að urðunarstaðurinn að Strönd eða sorpstöð Rangárvallasýslu muni stækka um 17 ha. Eins og fram kemur í umhverfisskýrslu hefur stækkun stöðvarinnar farið í mat á umhverfisáhrifum og úrskurðaði Skipulagsstofnun um málið í janúar 2007. Auk þess að gera skilyrði um meðhöndlun spilliefna kemur fram að Skipulagsstofnun telur að það sé háð verklagi og vinnubrögðum á rekstartíma athafnasvæðisins, hvernig til tekst um áhrif starfseminnar á umhverfið. Umhverfisstofnun telur mikilvægt að það álit Skipulagsstofnunar komi einnig fram í umhverfisskýrslunni og að benti verði á mikilvægi þess að unnið verði eftir ofangreindum ábendingum.

Í töflu þar sem stefna Rangárþings ytra um samfélag og byggð er metin með stefnu íslenskra stjórnvalda sem viðmið, hefur texti er varðar efnistökusvæði og verndun náttúru Íslands eitthvað skolast til og þarf að leiðrétta hann.

## Greinagerð

### Efnistökusvæði

Umhverfisstofnun tekur undir greinargóða umfjöllun um markmið er varða efnistöku í kafla um landnotkun í dreifbýli. Að mati Umhverfisstofnunar þarf að endurskoða efnistöku á nokkrum stöðum þar sem efnistaka er í jökulgarða sem kallast Búðaröð og eru jarðsögulega mikilvægir og liggja þvert um Rangárþing Eystra frá Búðafossi í Þjórsá suður yfir Holt og Ytri Rangá, við Snjallsteinshöfða og Geldingalæk og þaðan þvert yfir Rangárvelli um Gunnarsholt og yfir Eystri Rangá norður af Stokkalæk. Umhverfisstofnun leitaði álits hjá Dr Hreggviði Norðdahl fræðimanni hjá jarðvísindastofnun Háskóla Íslands og samkvæmt áliti Hreggviðs eru jökulgarðarnir einstök jarðmyndun á Íslandi og þyrfti að hans mati að gera heilstæða úttekt á þessum jarðmyndunum, síðan segir Hreggviður: „*Þessi jarðmyndun, sem almennt gengur undir nafninu „Búðaröðin“ er hvað best varðveitt í Rangárþingi Ytra sem og beggja vegna við fossinn Búða í Þjórsá, en þar hefur yngri hluti hennar verið aldursákvarðaður. Í Rangárþingi Ytra er jarðmyndunin meira og minna samfelld og þar sést líka vel að hún myndaðist í tveimur jarðsögulega aðskildum atburðum. Myndunina má rekja frá fossinum Búða og að Stokkalæk (eldri).*“ Þar sem um mikilvægar jarðsöguminjar er að ræða telur Umhverfisstofnun verndargildi Búðaraðarinnar mikið og leggur til að dregið verði úr umfangi efnistöku eða henni hætt á eftirfarandi stöðum: Efnistökuastaður E29 sem er við við fossinn Búða, en þar er lykilstaður jarðsöguminjanna. Einnig eru efnistökuastaðirnir E25 og E26, E14, sunnan við Köldukinn, E54, E41 og E42, E43 E45 E47 og E46 í Búðaröðinni og óæskilegt að frekara efnisnám verði þar.

### Skógrækt og landgræðsla


Í greinargerð með aðalskipulagstillögu kemur fram stefna sveitarfélagsins varðandi skógrækt. Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemd við greinargóða stefnumörkun en bendir á að einnig mætti koma fram að í reglugerð nr. 583/2000 um innflutning, ræktun og dreifingu útlendra plöntutegunda segir í 10. grein: „Öll ræktun útlendra tegunda hér á landi er óheimil á friðlýstum svæðum, landslagsgerðum er njóta sérstakrar verndar og alls staðar ofan 500 metra hæðar yfir sjó.“ Gera ætti grein fyrir framangreindu ákvæði reglugerðarinnar í skipulagstillögunni.


### Frístundabyggð

Í aðalskipulagstillögunni kemur fram að gert er ráð fyrir frístundabyggðum á bökkum áa eða vatna á a.m.k. 6 stöðum. Umhverfisstofnun bendir á að í skipulagsreglugerð nr. 400/1998 er ekki gert ráð fyrir að byggt sé nær ám, vötnum eða strönd en 50 m eða eins og segir í gr. 4.15.2, Vötn ár og sjór í skipulagsáætlunum: „Almennt er ekki gert ráð fyrir deiliskipulagningu þessara svæða en í deiliskipulagi aðliggjandi svæða utan þéttbýlis skal þess gætt að ekki sé byggt nær vötnum, ám eða sjó en 50 m og að ekki verði hindruð leið fótgangandi meðfram þeim.“ Að mati Umhverfisstofnunar þarf að gæta þessa við deiliskipulagningu slíkra frístundasvæða.

Umhverfisstofnun biðst velvirðingar á hve langan tíma hefur tekið að svara erindinu

Virðingarfyllst

  
Kristín S Jónsdóttir  
Sérfræðingur

  
Ólafur A Jónsson  
Deildarstjóri

Afrit: Skipulagsstofnun